

Bæjarráð Kópavogs
Guðríður Arnardóttir, formaður
Fannborg 2
200 Kópavogur

Kópavogur, 16. ágúst 2010

Efni: Barngildis- og rýmisviðmið Kópavogsbæjar

Ég hef fylgst vel með umræðu í sveitarfélögum um endurskoðun barngildaviðmiða í leikskólum sveitarfélaga samkvæmt nýjum leikskólalögum nr. 90/2008. Sjálfur á ég tvö börn í leikskólum Kópavogs sem njóta frábærrar þjónustu í dag og vil að það þjónustustig haldist óbreytt eða verði bara betra.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarlíði í öllu starfi sbr. 2. gr. leikskólalaga. Þannig skal veita börnum umönnun og menntun, búa þeim holtt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Með nýri 12. gr. leikskólalaga voru felld brott eldri barngildisviðmið og þess í stað settar lágmarkskröfur um húsnaði og aðbúnað leikskóla.

A fundi bæjarráðs þann 8. júlí 2010 hafnaði bæjarráð tillögu formanns leikskólanefndar og leikskólafulltrúa frá 20. apríl 2010 um viðmið Kópavogsbæjar vegna fjölda barna í leikskólum Kópavogs. Engan rökstuðning er að finna fyrir höfnun bæjarráðs í fundargerð, undir 44. tl., aðeins eftirfarandi lýsing: „Leikskólafulltrúi mætti á fundinn og fór yfir málið. Bæjarráð hafnar tillögu leikskólanefndar sem frestað var í bæjarráði 29.4. sl. Málið verður tekið upp við gerð næstu fjárhagsáætlunar.“


Tilvísun bæjarráðs til endurupptöku málsins í tengslum við gerð næstu fjárhagsáætlunar, gefur til kynna að velferð og hagur barna á leikskólum Kópavogs sé mögulega ekki efst á forganglista þessarar bæjarstjórnar. Ég vona að ég hafi rangt fyrir mér í því efni og að þau loforð sem gefin voru í málefnasamningi þessa meirihiðna standi gagnvart íbúum sveitarfélagsins.

Óskað er eftir að bæjarráð rökstyðji ákvörðun sína um höfnun og láti í té afrit allra skjala sem málið varða, þar með talin kostnaðarútreikninga, rýmisútreikninga, tillögur og önnur gögn sem hafa verið lögð fram í máli 0911005 á:

- Fundi leikskólanefndar Kópavogs, 3. nóvember 2009, sbr. 6. tl. fundargerðar.
- Fundi leikskólanefndar Kópavogs, 17. nóvember 2009, sbr. 2. tl. fundargerðar.
- Fundi leikskólanefndar Kópavogs, 20. apríl 2010, sbr. 9. tl. fundargerðar.
- Fundi bæjarráðs Kópavogs, 29. apríl 2010, sbr. 16. tl. fundargerðar.
- Fundi bæjarráðs Kópavogs, 8. júlí 2010, sbr. 44. tl. fundargerðar.

Auk annarra þeirra upplýsinga eða gagna sem að starfsmenn eða fulltrúar sveitarfélagsins hafa skráð hjá sér við meðferð þessa máls og hafa verulega þýðingu við lyktir þess og ekki er að finna í öðrum gögnum, sbr. 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Vænst er svars og gagna frá Kópavogsbæ sem fyrst.


Virðingarfyllst,
Friðrik Friðriksson
Hjallabrekku 36 / Kópavogi

Viðmið Kópavogsbæjar vegna fjölda barna í leikskólum Kópavogs.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi leggja áherslu á að leikskólar í Kópavogi uppfylli að fullu þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Leikskólarými þarf því að uppfylla allar öryggisreglur og heilbrigðiskröfur. Aðstaða þarf að vera til allra þeirra þarfa sem talðar eru upp í 5. grein reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Stefna Kópavogsbæjar er að leikskólar bæjarins séu leiðandi í uppeldi, menntun og þjónustu. Starfsmenn leikskólanna eru lykill að velgengni og árangri bæjarins í uppeldis- og menntamálum. Þess vegna leggur Kópavogsbær áherslu á að bjóða starfsmönnum og börnum skapandi og ánægjulegt starfsumhverfi, þar sem áherslan er á menntun, mannauð, öryggi, samvinnu og gæði.

(Leikskólastefna Kópavogs 2007).

Þetta er metnaðarfull stefna og ljóst er að í nokkrum leikskólum er æskilegt að bæta aðstæður t.d. með því að fækka eitthvað börnum til að ná því markmiði að vel fari um bæði börn og starfsmenn.

Ljóst er að miðað við núverandi þjóðfélagsaðstæður er ekki mikið svigrúm til að fækka börnum, kostnaðarsamt er að byggja nýja leikskóla og reka þá.

Nokkur atriði sem leikskólanefnd telur að hafa beri forgang hvað varðar breytingar á barnafjölda:

- Deildir leikskóla séu ekki of fjölmennar, þar sem erfitt getur verið fyrir börn að vera í of stórum hópi.
- Yngstu börnin, 1 árs, nýta ekki að sama marki sameiginleg rými leikskólans s.s. hreyfisali og listaskála. Því þarf að vinna að því að þau hafi lágmark 3ja fm. leikrými innan sinnar deilda. Þetta getur gerst með því að fækka börnum, en einnig með því að færa til, þ.e. fækka á yngstu deild og fjölga á öðrum.
- Litið sé á heildaraðstöðu leikskólans og tekið tillit til þeirra leikskóla sem lægst hafa viðmiðin (sbr. fyrri reglugerð) og þar sem aðstæður eru lakastar.

Leikskólanefnd leggur til eftirfarandi breytingu á barnafjölda. Breytingin komi til framkvæmda á næsta skólaári, 2010-2011 eftir því sem aðstæður og biðlisti leyfa á hverjum stað:

- Furugrund: Fækkun um 1-2 börn á elstu deildum. Vegna fjölda barna á deild og lágmarksviðmiða úti og inni.
- Dalur: Fækkun um 2 börn á yngstu deild
- Smárahvammur: Fækkun um 2 börn á yngstu deild
- Rjúpnahæð: Fækkun um 2 börn á yngstu deild vegna lágra viðmiða og margra ungra barna
- Fífusalir: Fækkun um 2 börn á yngstu deild vegna lágra viðmiða og ungra barna
- Álfaheiði: Fækkun um 2 börn á yngstu deild

Viðmið um fjölda barna á kennara:

Leikskólanefnd leggur til að áfram verði notuð viðmið um barngildi sem voru í fyrri reglugerð.

Framtíðarsýn:

Leikskólanefnd telur mikilvægt að umræða um viðmið sé í gangi og að mótuð verði heildarsýn með framtíðarmarkmið í huga.

Í eldri reglugerð við lög um leikskóla var kveðið á um ýmis viðmið s.s. heildarfermetrafjölda á barn, leikrými á barn, útileikrými á barn og fjölda barna á leikskólakennara og var þar tekið tillit til aldurs. Ljóst er að margt getur haft áhrif þegar ákvarða skal barnafjölda hvers skóla. Sum atriði er erfitt að setja viðmið eða reglur um, og eru oft tímabundin, t.d. „samsetning barnahópsins, dvalartíma barna

dag hvern, aldri barna og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu” (sbr. reglugerð um starfsumhverfi leikskóla Nr. 655/2009).

Lagt er til að um þetta séu ekki sérstök viðmið, en ef leikskólastjóri metur að eitthvað af þessum atriðum eigi við í hans skóla sæki hann um, á þar til gerðu eyðublaði, til leikskólanefndar að færri börn séu í skólanum viðkomandi skólaár. Umsókn skal hafa borist fyrir 1. ágúst ár hvert.

Leikskólanefnd metur umsókn og tekur endanlega ákvörðun fyrir 1. sept.

Önnur atriði sem auðveldara er að setja viðmið um eru t.d. fm á barn, leikrými á barn, leikrými á útisvæði og hámarksfjölða á yngri og eldri deildum. Leikskólanefnd telur að stefna beri að því að í öllum skólum sé heildarfermetrafjöldi á barn ekki undir 7 fm. Ljóst er að nokkurn tíma tekur að ná því marki.

Samþykkt á fundi leikskólanefndar Kópavogs 20. Apríl 2010.



KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Friðrik Friðriksson
Hjallabrekka 36
200 Kópavogur

Kópavogi, 17.09.2010
1008130/210.01 BH

Efni: Viðmið Kópavogsbaðar vegna fjölda barna í leikskólum


Á fundi bæjarráðs þann 16. september sl. var lagt fram til afgreiðslu erindi þitt frá 16. ágúst sl., þar sem þú óskaðir eftir frekari upplýsingum varðandi viðmið vegna fjölda barna í leikskólum Kópavogs.

Bæjarráð hafnaði tillögu leikskólanefndar, þar sem hún gerði ráð fyrir fækjun rýma á leikskólum bæjarins. Það hefði annað hvort leitt til fjölgunar á biðlista eftir leikskólarými eða kostnaðar við byggingu nýrra rýma.

Bæjarráð leggur áherslu á að vel er búið að börnum á leikskólum bæjarins í dag.

Meðfylgjandi eru jafnframt gögn sem óskað var eftir í erindi þínu þann 16. ágúst sl.

Virðingarfyllst,


Páll Magnússon
bæjarritari